



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á Búnaðarþingi
í Reykjavík
30. mars 2023**

Ráðherra og alþingismenn,
formaður, framkvæmdastjóri og forystusveit Bændasamtaka Íslands,
aðrir góðir gestir.

Ég vona að Búnaðarþing verði farsælt og óska ykkur öllum velfarnaðar á ykkar vettvangi. Búnaðarþing skipar enn merkan sess í samfélaginu, viðburður þar sem bændur ráða ráðum sínum, reyna að átta sig á stöðu landbúnaðar og rýna í óræða framtíð. Allt er breytingum háð í heimi hér og við sem erum í miðri hringiðu tímans getum stundum átt erfitt með að ná áttum. Þá skiptir máli að halda ró sinni, sýna seiglu og framsýni í senn og mig grunar að slíkir kostir hafi einkennt öfluga búhölda á Íslandi að fornu og nýju.

Í gær og fyrradag vorum við hjónin í opinberri heimsókn í Mýrdalshreppi, nutum þar gestrisni og góðvildar heimafólks. Við héldum úr blómlegri byggð með góðar minningar í farteskinu. Það var á þeim slóðum sem menn námu fyrst land hér ef að líkum lætur, Hjörleifur, fóstbróðir Ingólfs, með Helgu konu sinni, búaliði og þrælum og rek ég ekki sögu þeirra frekar hér. Aðrir landnámsmenn settust líka að í grenndinni, Loðmundur gamli, Reyni-Björn og Sigmundur Kleykir, Galdra-Héðinn í Kerlingardal og Eysteinn Þorsteinsson sem nam land í Fagradal.

Ekki komu þessir kappar þó að óbyggðu landi ef marka má fornar sögur. Í Íslendingabók sinni segir Ari fróði að hér hafi verið „menn kristnir, þeir er Norðmenn kalla Papa, en þeir fóru síðan á braut af því að þeir vildu eigi vera hér við heiðna menn og létu eftir bækur írskar og bjöllur og bagla“.

Hver veit nema þeir hafi einmitt verið í Fagradal? Á heiðinni ofan dalsins hvílir steinskip, blágrýtishella sem hefur verið höggvin til. Hverjir gerðu það og hvers vegna? Fullnaðarsvar fáum við seint en svona er saga landnámsins, lifandi fortíð þar sem bæði þarf að efast og sannreyna, spyrja spurninga, geta í eyður og, jú, stefna ætíð að því að hafa það sem sannara reynist.

Já, það er ekki bara framtíðin sem er á fleygiferð, fortíðin breytist líka þegar vel er að gáð. Félagar mínir í stétt sagnfræðinga hafa velt því fyrir sér hvort Hjörleifur Hróðmarsson hafi yfirleitt verið til og tilvist Ingólfs Arnarsonar hefur líka verið dregin í efa. Meira að segja má leiða að því gild rök að Haraldur hárfagri geti verið hreinn og klár tilbúningur, í það minnsta ekki sá völdugi skattaþjósni sem sögur greina frá og átti að hafa ráðið ríkjum um nær allan Noreg.

Ágætu áheyrendur! Allt þetta hugleiddi maður í Mýrdalnum, sögu okkar, menningu og mannlíf. Þar eins og annars staðar í landinu breyttust búhættir lítt öld fram af öld. Síðan varð umbylting. Víða er henni vel lýst og nefni ég til dæmis endurminningar Eyjólfss Guðmundssonar á Hvoli. Þar segir hann frá sveit „sem er að vakna af svefni til nýrrar aldar og framfara“, eins og segir á bókarkápu eins verka hans. Það var fyrir rúmri öld. Ungmennafélagandi sveif yfir vötnum, sjálfstæðisþrá og framkvæmdavilji.

Og nú er nýtt landnám hafið. Í Mýrdalshreppi eru þau fleiri af erlendu bergi brotin en hin sem geta rakið ættir sínir til nafngreindra manna í Landnámu – til manna sem voru kannski ekki til. Hinir nýju íbúar efla samfélagið, sjálfum sér og heildinni til heilla. Ekki er það lengur hefðbundinn landbúnaður sem heldur lífi í fólki, búhættir sem Eyjólfur á Hvoli greinir svo listilega vel frá. Ferðaþjónustan er hinn nýi landstólpi þar í byggðarlaginu eins og svo víða um land allt. Ferðalangar þeysast milli bæja á rútum, Dösterum og Jarisum og allt þetta lið þarf að þjónusta.

Hefðbundinn landbúnaður mun samt halda velli í einhverri mynd, þarf að halda velli í einhverri mynd. En hvað er annars hefðbundinn landbúnaður? Í tillögu til þingsályktunar um landbúnaðarstefnu til ársins 2040 les ég að meginmarkmið hennar skuli vera á þessa lund: „að efla og styðja við íslenskan landbúnað þannig að Ísland verði leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi“.

Kæru Búnaðarþingsgestir! Þetta ættum við að geta sameinast um, öll á þessu landi. Vissulega er það svo að við erum mörg sem tengjumst landbúnaði aðeins óbeinum böndum. Sé litið til búsetu er Ísland borgar- og bæjasamfélag. En taugin er þarna samt, taugin til sveitanna. Við getum gantast með hana. „Fjósalykt! I love it!“ Þannig mælir ungi ríkisbubbinn í kvikmyndinni Dalalíf og lesið hef ég að í þessum orðum felist „lúmsk skot Þráins [Bertelssonar leikstjóra]

á þröngsýni höfuðborgarbúa, fordóma þeirra í garð landsbyggðarinnar og skilningsleysi þeirra á grundvallaratvinnugreinum þjóðarinnar“.

Ekki legg ég mat á það hér og nú en hitt veit ég að þeir fóru á kostum í myndinni, aðalleikararnir Eggert Þorleifsson og Karl Ágúst Úlfsson. Karl hefur greint frá því að hann glími nú við erfið veikindi og nýti ég þetta tækifæri til að senda honum hlýjar kveðjur. Sjálfur er ég sama borgarbarnið og þeir félagar í Dalalífi, fór aldrei í sveit á mínum uppvaxtarárum og hef aldrei búið í sveit því langt er jú síðan búskapur lagðist af á Bessastöðum. En maður reynir að leggja sitt af mörkum.

Síðastliðið haust naut ég þess einn dagspart að fara í seinni göngur, var nú hálf afsakandi og kvaðst ekki vilja þvælast fyrir. Bóndi leit þá á mig, þagði um stund, og sagði svo: „Það er nú einmitt tilgangurinn, að þú þvælist fyrir.“ Það var fallega sagt, á sinn hátt, og saman getum við alltaf fundið leiðir til að efla og styrkja íslenskan landbúnað þannig að við njótum öll góðs af. En haldi ég orðinu áfram fer ég í raun og sann að þvælast fyrir og lýk því máli mínu með því að ítreka góðar kveðjur til ykkar allra.